

15. febrúar 2017

## Fagráð SÍ – Skýrsla fyrir aðalfund 23. febrúar 2017

Fagráð skipa: Dagmar Kristín Hannesdóttir, Gyða Haraldsdóttir, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, Magnús Blöndahl Sighvatsson og Ólafur Örn Bragason, sem jafnframt er formaður.

Hlutverk Fagráðs er að vera stjórn SÍ til ráðgjafar og aðstoðar þegar þurfa þykir varðandi lög og reglugerðir um sálfræðinga og nám og námsmat. Fagráðið hefur á síðastliðnu ári verið formanni og framkvæmdastjóra SÍ innan handar við að leita leiða við að skýra túlkun á ákvæðum um sérfræðileyfi sálfræðinga og starfsþjálfunarár eftir reglugerðarbreytingu sem tók gildi 1. janúar 2013. Ekki hefur tekist að ná fram breytingu á reglugerð eða lögum til að útskrifaðir kandidateignemar fá tímaþundið starfsleyfi á meðan starfsþjálfunarári stendur.

Í upphafi árs 2016 var ritað bréf til háskólanna sem bjóða upp á kandidateignar til að hvetja þá til að bjóða upp á nám sem uppfyllir kröfur nýju reglugerðarinnar. Eftir viðræður við háskólann í Reykjavík var ákveðið að framkvæma könnun meðal félagsmanna til að meta áhuga á sérfræðinámi með tilliti til ásóknar og innihalds. Könnunin var send á félagsmenn um síðastliðin mánaðarmót. Niðurstöður verða kynntar félagsmönnum fljótlega.

Þann 9. desember var skrifað undir samstarfssamning milli Sálfræðideildar Háskóla Íslands, Félags um hugræna atferlismeðferð og Endurmenntunar um mat á sérnámi í hugrænni atferlismeðferð til eininga. Samkvæmt samningnum metur Sálfræðideildin nú sérnámið og *hvort það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til náms á háskólastigi í samræmi við reglugerð um sérfræðiviðurkenningu nr. 1130/2012*. Námið er á vegum Félags í hugrænni atferlismeðferð í samvinnu við Oxford Cognitive Therapy Center og Endurmenntun Háskóla Íslands. Þegar mati sálfræðideildarinnar á náminu lýkur er hér væntanlega valkostur fyrir sálfræðinga ef það verður metið til a.m.k. 60 ECTS eininga.

---

Ólafur Örn Bragason

Formaður fagráðs SÍ